

Foreldrafélag Kerhólsskóla

Aðalfundur haldinn 24. september 2025

Staður: Félagsheimilið Borg

Fundur hófst kl. 19:30

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður bauð fundargesti velkomna og lagði til að **Ása Valdís** yrði fundarstjóri.

Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

2. Skýrsla stjórnar

Formaður flutti skýrslu stjórnar.

(Sjá viðauka 1)

3. Skýrslur nefnda

- Formaður flutti einnig skýrslu frá jólaballsnefnd.
(Sjá viðauka 2)
- Bryndís Edda**, fulltrúi foreldra í skólanefnd, sagði frá starfi nefndarinnar.
- Guðmundur Finnbogason**, fulltrúi foreldra í Grænfánanefnd, kynnti hlutverk foreldra í nefndinni.
- Fulltrúi foreldra í skólaráði, **Örvar**, var fjarverandi.

4. Lagabreytingar

Engar formlegar lagabreytingatillögur bárust fyrir fundinn.

Umræða fór fram um mikilvægi þess að endurskoða lög félagsins.

- Lagt var til að stofnuð yrði **lagabreytinganefnd**.
Guðmundur Finnbogason, Hallbjörn Valgeir Rúnarsson og Anika Baecker buðu sig fram og var tillagan samþykkt með lófaklappi.
- Jafnframt kom fram tillaga um að skoða hvort stjórn félagsins eigi að vera þriggja manna.

5. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins sem voru samþykktir **einróma**.

Staða félagsins á bankareikningi þann dag var **kr. 131.657,-**.

6. Kosning í stjórn foreldrafélagsins

- Anna Katrín Þórarinsdóttir** og **Ása Valdís** gáfu ekki kost á sér áfram.
- Eftirfarandi aðilar buðu sig fram til áframhaldandi setu:
Örvar og **Heiðrún Petra**, auk þess sem talið er að **Gunnhildur** sitji áfram (hún var fjarverandi en ekki gefið annað til kynna).
- Hallbjörn Valgeir Rúnarsson** bauð sig fram sem formaður.
- Aron Þór Tafjord** bauð sig fram sem fimmti maður í stjórn.

7. Kosning í ráð og nefndir

- Grænfánanefnd**: Anna Katrín býður sig fram.
- Skólaráð**: Örvar situr áfram. Óskað verður eftir öðrum fulltrúa á Facebook-síðu félagsins.
- Skólanefnd**: Bryndís Edda býðst til að sitja áfram.
- Skoðunarmaður reikninga**: Anika Baecker situr áfram.

8. Önnur mál

- Lagt var til að **ársgjöld** foreldrafélagsins haldist óbreytt.
- Tillagan var samþykkt einróma. Heiðrún mun sjá um að senda þau út.

- Aðalfundur felur **nýrri stjórn** að skoða hvaða viðburðir falli undir verkefni foreldrafélagsins á komandi ári.
- Rætt var hvernig félagið getur betur miðlað upplýsingum til foreldra og kallað eftir þátttöku þeirra.
Mælt var til að halda áfram að senda upplýsingar út í gegnum ritara skólans.
- Samþykkt var að fundargerð aðalfundar verði send til foreldra og birtur tengill á Facebook-síðu félagsins.
Ritari skólans býðst til að sjá um það.

Fundi slitið kl. 20:10

Fundarstjóri: Ása Valdís

Fundarritari: Hallbjörn V. Fríðhólm